



Fundargerð: Fundur haldinn 1980-01-31 um
samanburð hljóðhraðamælinga frá
mismunandi stöðum á Íslandi

Halína Bogadóttir

Greinargerð HB-80/01

Fundargerð

Fundur var haldinn 1980-01-31 um samanburð hljóðhraðamælinga frá mismunandi stöðum á Íslandi við aðrar mælingar frá sömu stöðum.

Fundinn sátu: Haukur Tómasson
 Birgir Jónsson
 Davíð Egilson
 Jósef Hólmjárn
 Björn Jónasson
 Halina Bogadóttir

Fram kom að verkefnið verður unnið í fjórum áföngum:

- 1 Tölfræðileg úrvinnsla á 2. og 3. hljóðhraðalagi í hverri mælingu. Tíðni mismunandi hljóðhraða á hinum ýmsu stöðum. Gæði gagna metin. Allar mælingarnar verða endurskoðaðar og þær endurtúlkaðar sem þurfa þykir.
- 2 Samanburður hljóðhraða í 2. og 3. hljóðhraðalagi við jarðfræði á hverjum stað. Útbúa tíðnidreyfirir ytri hljóðhraða í mismunandi jarðlögum.
- 3 Samanburður dýptarákvörðunar hljóðhraðamælinga við sams konar ákvörðun annarra mæliaðferða t.d. Borro-, Cobra-, viðnáms- og kjarnaborholur.
- 4 Samanburður á hljóðhraða ákveðinna jarðlaga við jarðtæknilega eiginleika þeirra t.d. RQD.

Birgir Jónsson hefur umsjón verkefnis með höndum. Halina Bogadóttir sér um úrvinnslu allra hljóðhraðamælinga sem gerðar hafa verið frá 1971 (1), en samanburður við jarðfræði (2,3,4) verður gerður í samráði við þá jarðfræðinga sem best þekkja til á hverju svæði.

Gert er ráð fyrir að afla megi nokkurra upplýsinga á komandi sumri hvað lið 4 varðar með því að mæla hljóðhraða við kjarnaholur og grjóttur. Það yrði þó unnið sem aukaverkefni.

Halína Bogadóttir.